

Vegagerðin
Smiðjuvegur 14
870 Mýrdalshreppur

Reykjavík, 18. september 2024
UST202409-080/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til efnistöku innan friðlandsins að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett, 6. september 2024, um leyfi til efnistöku innan friðlandsins Fjallabak.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til efnistöku úr námu í Jökulgilskvísl. Svæðið er skipulagt sem náma í aðalskipulagi Rangárþings ytra og kvíslast áinn um áreyrarnar og breytir reglulega um farveg. Við efnistöku verður notuð grafa, hefill og jarðýta. Að efnistöku lokinni verður farvegi Jökulgilskvíslar breytt og ánni veitt yfir það svæði á áreyrunum sem efnið var tekið til að eyða ummerkjum um efnistöku. Þegar áin færir sig svo munu ummerki um efnistöku vera horfin. Áætlað er að efnistakan fari fram á viku tímabili í september eða október. Efnið verður notað í veg nr. 208 frá Frostastaðarháls og að gatnamótum við Dómadalsveg. Efninu verðu keyrt beint í veginn. Með umsókn fylgdu með upplýsingar um hvaða áhrif framkvæmdin myndi hafa á vatnshlotið Jökulgilskvísl 1 (103-896-R).

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins. Efnistakan fer fram á lifandi áreyrum/flæðum sem eru skilgreindir sem náma í aðalskipulagi. Góð reynsla er af því að taka efni af þessum stað þar áin færir reglulega fram og til baka um flæðurnar. Öll ummerkin hafa horfið fljótt og vel og sjást engin ummerki milli ára. Fyrir eftir akstur inn á áreyrarnar hverfa einnig hratt. Framkvæmdin fer fram rétt fyrir veturinn, sem mun ýta undir að ummerki hverfi fljótt. Að mati Umhverfisstofnunar mun efnistaka úr áreyrum Jökulgilskvíslar hafa tímabundin ásýndaráhrif á eyrarnar, en þau ummerki munu hverfa hratt sé farið eftir skilyrðum leyfis. Afurð verkefnisins verða bættir vegir í friðlandinu, sem mikil þörf er á eftir mjög slæmt ástand þeirra sumarið 2024.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir efnistöku innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. október 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gengið verði þannig frá flötu efnistökusvæðinu að ekki verði nein ummerki sem munu haldast milli ára. Ekki skal skilja eftir neina hóla eða óþarflega djúpa pytti.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki efnistökuar.
- Óheimilt er að taka efni annarsstaðar en áreyrum jökulsgilskvíslar. Efninu skal bara dreifa á vegi og bílastæði.
- Óheimilt er að flytja efni utan friðlandsins inn í það.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan efnistökusvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum og vörubílum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Afmá skal ummerki um akstur út á eyrarnar eins og hægt er, til að fyrirbyggja aðrir taki upp á því að aka þar.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Fjallabak er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur